



© Morgunblaðið/Brynjólfur Gauti

Óviða skiptir náttúrulegum landslag eins miklu máli og á Íslandi. Ferðamenn í útlöndum skoða fornar byggingar, kirkjur, kastala og stórborgir en á Íslandi er það víðátta, fjöll og fossar sem laða fólk að.

Landslagið er óvenju fjölbreytt og víða er mjög víðsýnt; fjöll og jöklar af ýmsum gerðum prýða sjóndeildarhring. Landslag er ekki bara náttúrulegt. Land sem er mótað af fólki og menningu þess er kallað menningarlandslag. Menningarlandslag gefur vísbendingu um fólkið, búskap þess, siði, störf og menningu. Þegar fólk kom fyrst til Íslands fór það strax að móta landið í samræmi við verklag og hefðir sem það hafði tamið sér í heimalöndum sínum. Fólkið og búsmali þess hafði fljótt áhrif á gróðurþekju landsins en að öðru leyti breytti fólk landslaginu ekki mikið. Um aldir bjó það í húsum sem féllu að umhverfinu og reiðvegir og götur hlykkjuðust um landið. Það var ekki fyrr en á síðustu áratugum sem menn höfðu tækni og tæki til að breyta landslagi verulega t.d. með vegagerð, stórbyggingum, stórfelldri skógrækt og virkjunum.

Oft er litið á landslag, bæði náttúrulegum landslag og menningarlandslag, sem sjálfsagðan hlut og fólk gerir sér ekki grein fyrir mikilvægi þess fyrr en því hefur verið spilt eða á það skyggt. Þá er stundum of seint að mótmæla byggingum eða breytingum á umhverfi.

## Verkefni fyrir öll aldersstig

*Heimabyggð fyrr og nú*

*Íslensk náttúra á ljósmyndum*